

Nd.

568. Tillaga

til þingsályktunar um vaxtakjör landbúnaðarlána.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um það, að bankarnir veiti lán til landbúnaðarþarfa, og þá sjerstaklega fasteigna-tryggingarlán, með lægri vöxtum og þjállí kjörum að öðru leyti en unt er til annara aðgerða, svo sem kaupstaðabygginga, sjávarútvegs í stærri stíl, verslunar, annara áhættufyrirtækja og »spekulationa«.

Jafnframt sje þess gætt, að bændum verði engan veginn gert erfiðara fyrir um lánsútvegum, þótt vaxtakjör þeirra og önnur lántökuskilyrði verði bætt.

Ástæður

fyrir tillögunni eru í rauninni óþarfar. Með henni er reynt að fá bætt úr ber-sýnilegri ósanngirni, er nú á sjer stað, að láta bændur, er að mestu leyti bjóða öruggar og góðar tryggingar fyrir lánum sínum, sæta sömu kjörum og t. d. »sild-arspekulanta« og trollaraútgerðarfjelög, er festa fje bankanna með vafasömum tryggingum, og meira en það, sumir hverjir.

Þá verður og að gæta þess, að bændastjett landsins á nú við þá erfið-leika að búa, að síst veitir af, að hún njóti sanngjarnrar aðhlynningar, jafnframt því er hún verður nú fyrir margskonar íþyngingum. Það verður því fljótt að færast til leiðrjettingar, þegar þeim atvinnuvegi, sem hamingja þjóðarinnar er mest komin undir, er misboðið.

Í þessum tilgangi hefi jeg samið tillöguna, en alls ekki til þess að skaða aðra atvinnuvegi, er einnig kunna að eiga rjett á sjer.